



Verðbólguhorfur næstu mánaða hafa versnað umtalsvert

Hagstofan birtir októbermælingu vísitölu neysluverðs (VNV) mánudaginn 29. október nk. Hagfræðideild Landsbankans spáir 0,6% hækkun vísitölu milli mánaða. Gangi spáin eftir hækkar ársverðbólga úr 2,7% í 2,9%.

VNV hækkaði um 0,24% í september. Þetta var rétt undir væntingum, en við, Arion og Íslandsbanki spáðum allir +0,3%.

Helstu áhrifaþættir milli mánaða nú:

- Verðkönnun okkar á fasteignamarkaði bendir til nokkuð hressilegrar hækkunar á reiknaðri húsaleigu.
- **Kaup ökutækja** hækka vegna lækkunar á gengi krónunnar.
- **Matur og drykkjarvara** hækkar einnig vegna lækkunar á gengi krónunnar.
- Hækkun heimsmarkaðsverðs á bensíni skilar sér inn í verð á **bensíni og díselolíu**, en fatið af Brent-hraólíu er komið yfir 80 Bandaríkjadali.

Verð á evru hefur hækkað um 2,1% og verð á Bandaríkjadal hefur hækkað um 3,0% milli verðkannanavikna.

Spá okkar nú er 0,2 prósentustigum hærri en spá okkar frá í september. Breytingin skýrist annars vegar á því að við hækkuðum spá okkar um reiknaða húsaleigu út frá gögnum í verðsjá fasteigna og að gengið hefur veikt nokkuð síðan í september.

Búumst við 3,6% verðbólga í lok árs


Bráðabirgðaspá okkar til næstu þriggja mánaða er:

- Nón: 0,2% milli mánaða, 3,2% ársverðbólga.
- Des: +0,6% milli mánaða, 3,6% ársverðbólga.
- Jan '19: -0,3% milli mánaða, 3,4% ársverðbólga.

Gangi spáin eftir verður verðbólga komin rétt yfir 3,5% í lok árs. Það er 0,6 prósentustigum hærri verðbólga en við spáðum fyrir mánuði síðan.

	Vægi í VNV	Spá Breyting	Spá Áhrif
Póstur og sími	2,1%	-0,95%	-0,02%
Menntun	0,7%	0,00%	0,00%
Hótel og veitingast.	5,1%	0,03%	0,00%
Áfengi og tóbak	2,4%	0,18%	0,00%
Húsgögn og heimilisb.	3,8%	0,16%	0,01%
Ferðir og flutningar - annað	4,0%	0,15%	0,01%
Flugfargjöld til útlanda	1,2%	1,08%	0,01%
Föt og skór	3,6%	0,50%	0,02%
Heilsa	3,9%	0,55%	0,02%
Húsn. án reikn. húsaleigu	13,3%	0,18%	0,02%
Tómst. og menning	9,7%	0,30%	0,03%
Aðrar vörur og þjónusta	5,7%	0,60%	0,03%
Bensín og díselolía	3,4%	1,20%	0,04%
Matur og drykkjarv.	11,3%	0,83%	0,09%
Kaup ökutækja	8,4%	1,13%	0,09%
Reiknuð húsaleiga	21,5%	1,00%	0,22%
Alls	100,0%		0,58%


Niðurbrot á spá Hagfræðideildar



Heimild: Hagfræðideild Landsbankans




Vísitala neysluverðs




Heimild: Hagstofa Íslands

Mánaðarbreyting VNV í október




Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild

Verðbólguþáttur




Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild

Flugfargjöld til útlanda




Okt. 2018. til des. 2019 er spá Hagfræðideildar
Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild

Reiknuð húsaleiga



Vísitala íbúðaverðs á höfuðborgarsvæðinu er þriggja mánaða hlaupandi meðaltal, tafin um einn mánuð.
Okt. 2018. til des. 2019 er spá Hagfræðideildar
Heimild: Hagstofa Íslands, Þjóðskrá, Hagfræðideild

Föt og skór



Okt. 2018. til des. 2019 er spá Hagfræðideildar
Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild



Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.